

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 23. janúar 2017, kl. 10.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Viktor Orri Valgarðsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Jón Þórisson. Berglind ritar fundargerð.

Nr. 3/2017

1. Nefndir

Birgitta greindi frá fundum sínum á síðustu dögum með þingflokksformönnum um skipan nefnda og gerði grein fyrir stöðu mála. Birgitta gerði grein fyrir tillögum að nefndaskipan þingmanna Pírata í fastanefndir og alþjóðanefndir og voru þær ræddar. Einnig var kynnt tillaga að breytingum á þingflokksstjórn. Rætt var um kosningar í nefndir og ráð.

2. Þingmál - forgangsmál

Birgitta vakti athygli á sérstökum umræðum sem fyrirhugaðar eru og rætt var um möguleg mál til umræðu. Farið var yfir drög að dagskrá þingfunda vikunnar. Almenn umræða var um þingmál og þau mál sem setja á í forgang. Birgitta lagði til að myndaður yrði hópur um Immi mál. Ákveðið var að taka þingmál til frekari umræðu nk. mánudag.

3. Ýmis mál

Norðurlandaráð

Útlit er fyrir að Píratar muni ekki eiga sæti í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og er málið því afgreitt.

Friðarverðlaun Nóbels

Rætt var um hvort þingflokkurinn ætti að tilnefna í sameiningu en fresturinn rennur út 1. febrúar.

Kvótaflóttafólk

Dagskrárlið var frestað.

Húsnæðismál Pírata

Vakin var athygli á málinu en það er í skoðun hjá framkvæmdaráði.

Erindi frá Bandalagi íslenskra listamanna

Ásta Guðrún gerði grein fyrir erindinu. Rætt var um að bjóða fulltrúum BÍL á fund með fulltrúum þingflokksins í allsherjar- og menntamálanefnd auk annarra við tækifæri. Ástu Guðrúnu falin framkvæmd málsins.

Fjölmiðlavaktin

Áframhaldandi áskrift að Fjölmiðlavaktinni var samþykkt samhljóða.

Kynning á Musteri Glundroðans

Ekki þykir þörf á sérstakri kynningu en notendur getað leitað til Helga Hrafns varðandi leiðbeiningar.

Fundargerðir þingflokksfunda/fundasköp

Rætt var um fundasköp og lagt var til að ræða málið frekar á nk. mánudagsfundi. Ákveðið var að fundargerðir væru sendar rafrænt, tvær í einu, og þær samþykktar á mánudagsfundum til birtingar á vefsíðunni.

Vöfluboð Röskvu

Viktor Orri og Ásta Guðrún munu fara ef tími gefst.

4. Sérstakar umræður, skriflegar fyrirspurnir og brif af alþjóðastarfi

Rætt var um óskir um sérstakar umræður og fyrirspurnir. Smári, Þórhildur Sunna og Birgitta gerðu grein fyrir þeim ráðstefnum sem þau hafa sótt erlendis í desember og janúar auk fyrirhugaðra ráðstefnuferða. Ákveðið var að ræða samvinnu við grasrót á nk. mánudagsfundi. Viktor lagði til að fulltrúar þingflokksins hitti stjórn ungra Pírata t.d. í kjördæmavíkunni. Rætt var um nefndaskipan og lagt var til að þingflokkurinn hittist stuttu fyrir þingfund á morgun. Rætt var um stefnuræðu forsætisráðherra annað kvöld. Ákveðið var að Ásta Guðrún, Einar og Viktor Orri haldi ræður annað kvöld.

5. Starfsmannamál

Ákveðið var að ræða starfsmannamál á miðvikudaginn.

Fundi slitið kl. 16.40.